

Flugmálastjórn Íslands



Fréttatilkynning - 17 ágúst 2006

Svarbréf Þorgeirs Pálssonar við bréfi frá FÍF (dagsett 8. ágúst 2006).

Félag íslenskra flugumferðarstjóra

16. ágúst 2006

Efni: Bréf FÍF dagsett 8. ágúst 2006

Vísað er til bréfs Félags íslenskra flugumferðarstjóra dags. 8. ágúst 2006, þar sem fram eru bornar tvær spurningar til flugmálastjóra. Í byrjun bréfsins, kemur fram staðhæfing um að veikur flugumferðarstjóri hafi verið “neyddur til að vinna við flugumferðarstjórn”. Síðan er vitnað til greina í loftferðalögum varðandi eftirlitshlutverk Flugmálastjórnar Íslands og eins til greina, sem varða ástand flugliða og annarra, sem hafa með höndum öryggisþjónustu vegna loftferða. Síðan eru settar fram tvær spurningar, sem eru þessar orðrétt:

1. Telur þú að flugumferðarstjóri, sem telur sig tímabundið óhæfan til að sinna starfi sínu við flugumferðarstjórn á grundvelli 37. gr. laga um loftferðir eigi samt að mæta til vinnu og sinna störfum sínum frekar en að tilkynna forföll.
2. Telur þú að það sé ásættanlegt, jafnvel æskileg vinnubrögð að stjórnendur íslenskra flugfélaga færu að fordæmi Flugmálastjórnar og þvinguðu flugmenn sína veika til að fljúga með farþega?

Áður en framangreindum spurningum er svarað er rétt að líta til framangreindrar fullyrðingar um að veikur flugumferðarstjóri hafi verið neyddur til að vinna við flugumferðarstjórn hinn 31. júlí sl. Þessi fullyrðing er ekki studd neinum rökum heldur gengið út frá því að um staðreynd sé að ræða. Engar upplýsingar hafa borist undirrituðum, sem gefa ástæðu til að ætla að hér sé rétt með farið.

Staðreyndin er að tveir trúnaðarlæknar Flugmálastjórnar komust að þeirri niðurstöðu að ekkert væri því til fyrirstöðu að þessi starfsmaður kæmi til starfa á umræddum degi. Í kjölfar þess mun yfirmaður starfsmannsins hafa óskað eftir að hann kæmi til starfa. Engin fyrirmæli munu hafa verið gefin og því fráleitt að halda því fram að um einhvers konar nauðung hafi verið að ræða.

Hvað fyrri spurninguna varðar er það að segja, að auðvitað á starfsmaður, sem telur sig af einhverjum ástæðum óhæfan til að gegna starfi sínu í samræmi við loftferðalög að gera sínum yfirmönnum þegar í stað viðvart um ástand sitt. Hann hefur hins vegar ekki sjálfðæmi í að meta hæfi sitt til starfa enda er fyrir hendi vel skilgreint ferli til að meta heilbrigði hans eða aðra þætti, sem starfið varða. Í flestum tilvikum eru mál af þessu tagi leyst á einfaldan hátt milli aðila og undir venjulegum kringumstæðum er treyst á dómgreind starfsmanns. Slíkt kerfi virkar sem betur fer vel í langflestum tilvikum. Hins vegar verður starfsmaður ætíð að vera undir það búinn að þurfa að sæta nánari athugun á heilsu sinni og hæfi, ef yfirmaður telur tilefni til þess. Slík skoðun sem er í samræmi við heimild í kjarasamningi, getur t.d. verið eðlileg ef tíðni veikindaforfalla eykst verulega, sem gæti gefið til kynna að faraldssjúkdómur hefði stungið sér niður á vinnustað.

Síðari spurningin er því miður sett fram á þann hátt að varla er við því að búast að henni sé svarað. Spurningin er byggð á tilgátu um hugsanlegar aðstæður, þar sem flugmenn séu þvingaðir til að fljúga veikir með farþega. Ekkert liggur fyrir um að slíkt háttarlag viðgangist. Þar við bætist fullyrðingin um að vinnubrögð af þessu tagi séu viðhöfð hjá Flugmálastjórn. Augljóst er að engin forsenda er fyrir því að slík spurning sé tekin alvarlega og henni svarað af alvöru.

Flugmálastjórn Íslands hefur ætíð lagt áherslu á að öllum kröfum um flugöryggi sé fullnægt í flugumferðarstjórn jafnt og á öðrum sviðum flugstarfsemi. Í því skyni hefur stöðugt verið unnið að því að koma upp fullkomnari aðferðum og kerfum til þess að fylgjast með ástandi starfseminnar, þ.m.t heilsufari og líðan flugmanna og annarra sem við loftferðir starfa. Grundvallaratriði í þessum kerfum er að enginn hefur sjálfðæmi í því hvort hann hefur staðið rétt að málum. Þetta á jafnt við um veikindi sem aðra mannlega þætti, sem varða flugöryggi. Í þessu sambandi er mikilvægt að benda á þá þróun, sem orðið hefur á undanförunum misserum, þar sem sjálfstætt eftirlit af hálfu flugöryggissviðs með flugumferðarþjónustunni hefur hafist. Þetta eftirlit mun eflast enn frekar í framtíðinni m.a. vegna aðildar Íslands að samevrópska loftrýminu (SEL).

Hvað varðar niðurlag bréfsins þá er það að segja að starfsmannahald og aðrir yfirmenn stofnunarinnar þurfa ekki að leita samþykkis flugmálastjóra til að framfylgja almennum vinnureglum stofnunarinnar. Því var engin þörf á að leita slíks samþykkis í umræddu tilviki. Flugmálastjóri mun ekki gefa út neinar yfirlýsingar varðandi ástand, sem reist er á þeirri tilgátu, sem sett er fram í bréfinu en engin rök eru færð fyrir.

Virðingarfyllst,
Þorgeir Pálsson
Flugmálastjóri